

**Fulltrúaráðsfundur**  
**16. september kl.19.30**  
**í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15**

Boðað var fulltrúaráðsfundar með tölvupósti 2. september sl.

Mættir fulltrúar frá öllum nema deild þýska fjárhundsins, ensk cocker spaníeldeild, shih tzu deild, vorstehdeild, grefil- og sporhundadeild

**Dagskrá:**

**1. Fréttir frá stjórn og skrifstofu**

Á aðalfundi HRFÍ þann 15. maí sl. í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal voru Guðríður Þ. Valgeirsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir endurkjörnar í aðalstjórn. Friðrik Lunddal Gestsson var kjörin í varastjórn.

**Stjórn er því þannig skipuð:**

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Gunnlaugur Valtýsson, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir, öll í aðalstjórn, Björn Ólafsson og Friðrik Lunddal í varastjórn.

**Stjórn skiptir þannig með sér verkum:**

- Varaformaður- Guðríður Valgeirsdóttir
- Gjaldkeri- Gunnlaugur Valtýsson
- Ritari – Valgerður Júlíusdóttir
- Umsjón með Sólheimakoti- Margrét Kjartansdóttir og Friðrik Lunddal.

Nefndarskipan í fastanefndir félagsins er birt á vefsíðu HRFÍ

**Á aðalfundinum var samþykkt stofnun þriggja sérdeilda:**

Vorstehdeildar, boxerdeildar og shih tzudeildar. Einnig var samþykkt stofnun þriggja safndeilda samhliða niðurlagningu úrvalsdeildar:

Grefil- og þefhundadeild, spitzhundadeild og pincher, mastiff og fjallahundadeild.

Hafa allar þessar deildir haldið ársfund.

Á ársfundi grefil og þefhundadeildar var farið fram á nafn deildarinnar yrði grefil – og sporhundadeild og samþykkti stjórn HRFÍ það.

Stjórn hefur fundað fimm sinnum frá aðalfundi í maí. Sumarlokun var á skrifstofu frá 21.júlí til 11. ágúst. Þrír starfsmenn eru á skrifstofu: Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri, sem tók til starfa 10.júní sl. og Kristlaug Elin Gunnlaugsdóttir báðar í 100% starfi og Helga Andrésdóttir í 64% starfi.

**Sumarsýning HRFÍ 28. – 29. júní.**

Sýningin gekk að venju vel og lofuðu allir dómarar gott skipulag. Allir lýstu þeir yfir áhuga á því að koma aftur til landsins og dæma fyrir okkur. Seldir voru 726 aðgöngumiðar á sýninguna. Á sunnudagskvöldinu komu saman starfsmenn og dómarar ásamt fleiri gestum.

Starfsfólk skrifstofu vann mikið og gott undirbúningsverk fyrir sýninguna undir styrkri stjórn Valgerðar, en sýningarstjórn hafði unnið mjög takmarka undirbúningsvinnu er þeir sem eftir voru í sýningarstjórn ákváðu viku fyrir sýningu að mæta ekki meira til vinnu við undirbúning.

## Ný hundakyn

Old English Sheepdog innfluttur frá Bretlandi  
Scottish Deerhound innfluttur frá Austurríki

## Ræktunarnámskeið (anatomy and judging) í Sólheimakoti 11. – 12. júlí

19 félagsmenn sóttu námskeiðið og 6 félagsmenn framhaldsnámskeið þann 10. júlí

## Sýningaritaranámskeið

Sýningaritaranámskeiðið var haldið laugardaginn 13. september kl.15:00-19:00 og mánudaginn 15. september kl. 19:30-21:30. Námskeiðið fór fram á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15, 2. hæð. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Stefanía Sigurðardóttir, Þorsteinn Thorsteinson og Monika Karlsdóttir. Þátttakendur voru 22. Þetta námskeið var ekki auglýst heldur lögð áhersla á að undirbúa starfsfólk næstu sýningar.

## Dobermann Ísland.

Þann 11. ágúst sl. óskuðu Unnar Már og Karen Gísladóttir eftir fundi með stjórn HRFÍ til að gera aðra tilraun til að ræða málefni er snúa að dobermann hundakyninu og Dobermann Ísland.

*Það er alveg ljóst að Dobermann Ísland klúbburinn rúmast ekki innan laga HRFÍ og þau eru hvött til að stofna ræktunardeild innan félagsins.*

## Skapgerðarmat

### Bréf barst til stjórnar frá stýrihópi skapgerðarmats í lok ágúst:

Stjórn HRFÍ ákvað að boða stýrihópin á fund og mættu þau Brynja Tomer og Steinar Lúðvíksson mættu fyrir hönd stýrihópsins á stjórnarfund.

Á fulltrúaráðsfundi í febrúar var ákveðið að skipa í vinnu- og veiðiprófanefndir HRFÍ

## Vinnuhundadeild

Drög að vinnuhundadeild voru sett fram á fundi þann 11. september. Rætt var um undirbúning deildarinnar og næstu skref. Allir voru sammála um að tilgangur deildarinnar væri að efla og bæta vinnu með hundum, auka þekkingu og virðingu fyrir hundamenningu. Markmið vinnudeildar er m.a. að kanna og skrá notkunareiginleika og vinnuhæfileika hunds. Stjórn deildarinnar hefði umsjón með öllum vinnuprófum utan próf FHD og retrieverdeildar. Að sjá um að halda vinnupróf á vegum félagsins, sjá um framkvæmd þeirra, undirbúning og úrvinnslu. Samþykkt var á fundinum að undirbúningsnefnd vinni aftur drög að vinnuhundadeild og leggi fyrir stjórn HRFÍ. Allir sammála um að bjóða upp á sporapróf fljótlega.

## Veiðiprófanefnd

Fuglahundadeild hefur tilnefnt þrjá aðila í nefndina þá:

Ásgeir Heiðar, Ólafur Erling Ólafsson og Pétur Alan Guðmundsson.

Írsk setterdeild hefur tilnefnt tvo aðila í nefndina þá: Guðjón Arinbjarnarson og Egil Bergmann

## Það helsta á döfinni:

**Veiðipróf** á vegum Fuglahundadeilar fara fram 20. til 21. september og 18. til 19. október.

## Alþjóðleg hundasýning í reiðhöllinni Víðidal 27.-28. september 2008

Þessi sýning er haldin viku fyrr en vanalega vegna Evrópusýningarinnar í Búdapest í Ungverjalandi helgina 4.-5. október. Skráningarfræstur rann út 29. ágúst. Dómarar: Agnes Kertes Ganami frá Ísrael, Juan Luis frá Mexíkó, Jose Luis Payro frá Mexíkó, Annaliisa Heikinen frá Finnlandi, Fredrik Norgren frá Svíþjóð, Madalene Thorman frá Svíþjóð dæmir

unga sýnendur. Skráðir eru 750 hundar á sýninguna auk 38 ungra sýnenda. Keppni ungra sýnenda fer fram á föstudagskvöldinu.

### **Augnskoðun**

#### **9. október á Akureyri, 10. - 11. október í Sólheimakoti**

Dýralæknirinn Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðar hunda í Sólheimakoti 10.- 11. október n.k. Augnskoðun á Akureyri fer fram 9. október n.k. Augnskoðun verður í Kaupangi á dýralæknastofu Dýralæknaþjónustu Eyjafjarðar. Helga Finnsdóttir dýralæknir verður samtímis augnskoðun á Akureyri með hjartaskoðun fyrir cavalier hunda.

#### **Ræktun með tilliti til bættrar heilsu – áhersla á veikleika í liðum.**

Sofía Malm frá Svíþjóð verður með fyrirlestur um “*Ræktun með tilliti til bættrar heilsu – áhersla á veikleika í liðum*” laugardaginn 25. október n.k. á skrifstofu HRFÍ frá kl. 9:30-16:00. Fyrirlesturinn verður á ensku. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Auglýsing er komin á vefsíðu félagsins

#### **Ræktunarnámskeið með Hans-Åke Sperne**

Fimmtudagur 30. okt. (17-21) – framhald fyrir þá sem voru á námskeiðinu í sumar  
Föstudagur 31. okt (17-21) og laugardagurinn 1. nóvember (9-13) fyrir byrjendur.  
Fomenn kynni fyrir öðrum stjórnarmönnum sem ekki hafa farið á þetta námskeið.

#### **Hringstjóranámskeið verður haldið í október eða nóvember.**

#### **Fyrirlestur í boði Royal Canin/Dýrheima S/F**

Fyrirlestur í boði Royal Canin/Dýrheima ehf. verður fyrir félagsmenn HRFÍ 30. október.

Tölvupóstur frá Dýrheimum:

*Mánaðamótin október/nóvember mun Dýrheimar s/f styrkja Dýralæknafélagið í formi fyrirlestrar. Ætlað var að Prof. Alain Fontbonne mundi koma í lok águst s.l. en fresta þurfti því að óviðráðanlegum orsökum sem og öðrum prófessor sem er sérhæfður í húðsjúkdómum. Nú hins vegar blásum við í lúðrana og bókum aðra dagsetningu þar sem Alain og Fabienne próf. í húðsjúkdóma og atferlisfræði koma í október*

#### **Ganga og gleði 1. nóvember**

Björn Ólafsson ber ábyrgð á undirbúningi hennar. Hann ætlar að fá Hönnu Björk með sér og Valgerður segir að starfsmenn á skrifstofu aðstoði eins og hægt verði.

## **2. Fréttir frá dómarráðstefnu í Stokkhólmi í nóveber sl. – Guðrún R.**

### **Guðjohnsen dómari**

17.-18. nóvember 2007. Áætlað er að gefa út disk og bækling af ráðstefnunni. Á ráðstefnunni var farið yfir dómaramenntun. Íslenskir dómara hafa farið eftir dómara- og siðareglum sænska hundaræktarfélagsins, SKK. Rætt var um að blendingar í Svíþjóð væru heilsuhraustari heldur en hreinræktaðir hundar. Dómara voru því hvattir til að vinna að heilbrigði hunda og verðlauna ekki íkta og sjúklega hunda. Mikilvægt að dómara hafi ætíð í huga velferð og heilsu hundanna. Pekinese og enskur bulldog voru í mestu umræðunni varðandi heilsuleysi. Augu pekinese hundanna eru orðin of útstæð og mikið vandamál varðandi öndun vegna þess að þeir eru með of stutt trýni einnig er feldur þeirra orðin of mikill. Ensukur bulldog getur ekki parast eðlilega í dag. Einnig var rætt um fleiri tegundir sem eru með stutt trýni og að dómara reyni að dæma þá ekki upp. Fellingar hjá chow chow getur líka verið vandamál.

Unnið var í hópum og dómara á ráðstefnunni látir segja frá umræðum sínum. Guðrún og Sigríður íslensku dómara voru í alþjóðahópnum með dýralæknum og fleirum. Þar var mikið rætt um ræktunarmarkmið. 225 sænskir dómara voru á ráðstefnunni ásamt fleirum sérfræðingum. SKK er

sennilega lengst komir í skráningu á heilsufari hunda. Hægt er að nálgast flestar upplýsingar á vefsíðu SKK varðandi niðurstöður heilsufarsskoðana.

Guðrún segir að flestir góðir dómara lesi yfir ræktunarmarkmið þeirra tegunda sem þeir dæma kvöldið fyrir sýningu. Því miður er mikið um ólöglegan innflutning hunda þar sem helmingur er dáinn áður en þeir komast á leiðarenda. Aukning er í árárþjálfun hunda og hundaati á Norðurlöndum. Guðrún var spurð hvort rætt hefði verið um hvolpaframleiðslu. Guðrún sagði að hundaræktarfélögin á Norðurlöndum hafi menntað kennel ráðgjafa til að fara á hundabúin til að fyrirbyggja hvolpaframleiðsu (puppy farm).

### 3. **Punktur frá NKU fundi í Stockhólmi 10. september sl. - Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður**

#### 1. **Sameinaðar sýningareglur**

Espen Engh framkvæðastjóri NKK er í forsvari fyrir vinnuhóp/nefnd þar sem einn fulltrúi frá hverju Norðulandanna á sæti og kynnti hann niðurstöðu nefndarinnar. Hugmyndafræði varðandi allt sem að hundasýningum snýr og sameiginlegum sýningareglum fyrir Norðurlöndin. Samþykkt var að nefndin ynni áfram og legði svo fram fastmótaðar sýningareglur sem yrði fjallað um á NKU fundi í janúar.

#### 2. **Úttekt á samanburði á tegundum**

Kynnt var úttekt sem hundaræktarfélögin hafa unnið að varðandi samanburð á tegundum s.s. stærð, feldgerð, alþjóðleg meistarastig (Cacib). Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa skilað inn upplýsingum og Danmörk og Ísland eru eftir. Þetta á við sýningar en ekki ættbókarskráningu.

#### 3. **Dómarafrá Bandaríkjunum, Kanada og Englandi.**

Svías gera þá kröfur að dómari sé búinn að dæma tegundina í a.m.k 3 ár og a.m.k þrisvar sinnum, og að tegundin sé til í heimalandi þeirra. Sömu kröfur gera Englendingar og Bandaríkjamenn til Norðurlanda dómara. Rætt var um tveggja stiga ferli þegar bjóða á dómara að dæma á sýningu. Fyrst að afla upplýsinga um dómara, eða kynna sér reynslu hans varðandi tegundir. Síðan að bjóða dómara formlega. Mismiklar kröfur eru á milli Norðulanda varðandi menntun dómara. Miklar kröfur eru gerðar til menntun dómara í Danmörku enda eiga þeir fáa allroundera.

#### 4. **Dómaraefni- Nýjar hundategundir**

Lágmarka að þeir fylgi allri tegundinni í gegnum sýningu, ekki örfáum hundum.

#### 5. **Fuglahundapróf – Norræn meistarakeppni**

Svíþjóð sér um undirbúning og fyrstu keppnina. Í dag þurfa hundar sem fara á milli landa á sýningar að taka vinnu-eða veiðihundapróf viðkomandi lands til að verða landsmeistarar þar. Mikið var rætt um það og nefndarmenn sammála um að sýningarárangur ætti að nægja til að verða landsmeistari í nýju landi þ.e. að vinnu- eða veiðipróf sem hundurinn hefur náð í heimalandinu á að **vera metinn.**

#### 6. **Mál til meðferðar hjá siðanefnd**

Rætt var um setu einstaklings í stjórn ræktunardeilda þegar mál hans eru til meðferðar hjá siðanefnd viðkomandi hundaræktarfélags. Í þessu tilfalli vildu Finnar skoða landslög varðandi hegningu. Danir bentu á að skoða lög viðkomandi félags og sögðu frá máli sem þeir unnu í undirrétti varðandi einstakling sem var rekinn úr félaginu. Dkk vann málið á þeirri forsendu að þar sem einstaklingurinn valdi sjálfur að gerast félagsmaður í viðkomandi félagi. Hann þurfti þess vegna að

fara eftir lögum félagsins. Norðmenn sögðu að það væri ekki spurning að reka viðkomandi úr félaginu. Allir sögðu að þetta væri málefni siðanefndar viðkomandi hundaræktarfélags og nefndin ætti að afgreidda mál svo fljótt sem unnt er.

## **7. Samræming á milli alþjóðlegra sýninga**

Rætt var um samræmingu á milli alþjóðlegra sýninga miðað við 30 mílna regluna hjá FCI, ef sýningarnar eru á sama degi.

## **8. Vinnuaðferðir og reglur varðandi ættbókarskráningu**

Rætt var um mismunandi vinnuaðferðir og reglur varðandi ættbókaskráningu milli hundaræktarfélaganna. Þar var sérstaklega rætt um pörun og ættbókarskráningu papillon og phalene og auðar ættbækur hjá danska hundaræktarfélaginu. Noregur, Danmörk og Svíþjóða leyfa pörun á milli papillon og phalene en Finnar leyfa ekki slíka pörun en ættbókarfæra got undan slíkum hundum þegar ljóst er hvort þeir eru papillon eða phalene. Heimalönd hundsins þ.e. Belgía og Frakkland banna pörun á þessum tveimur afbrigðum. Í Danmörku eru gefnar út auðar ættbækur og dæma hundinn inn í ættbókina. Ef hundurinn fær tvisvar sinnum 2.einkunn á sýningum þá kemst hann inn í gildandi ættbók. Þetta er hvergi gert nema í Danmörku nema með hundategundir sem eru í útrýmingahættu.

## **9. Boðað var til fundar vegna freestyle. DKK boðaði til fundar 24. september n.k. varðandi Norðurlandakeppni í freestyle.(healwork to music.)**

## **10. Dómarafundur í hlýðniefnd NKU.**

## **11. Samþykkt var hafa næsta vísindaráðsfund á Íslandi 20. og 21. ágúst 2009, í tengslum við 40 ára afmæli HRFÍ**

## **12. Nýtt frá hundaræktarfélagunum**

**Danir:** Aukning í félagafjölda og ættbókarskráningum en minni þátttaka á sýningum. Þeir verða á núllinu varðandi fjárhaginn. Danir fengu peningastyrk sem er notaður í að fræða og mennta fólk sem vinnur með hunda þ.e. allt sem snýr að sýningum og hundum. Þeir eru búnir að kaupa lóð með gömlu húsi sem verður rífið og þar ætla þeir að byggja viðbót við sitt húsnæði. Rekstri félagsins er helmingaskipt. Ýmislegt sem þeir selja er vsk skattlagt en annað ekki.

**Svíar:** Þeir ætla að boða til fundar með dýralæknum til að samstillta vinnuferli varðandi augnskoðanir. Þeir ætla einnig að hafa samvinnu við vísindaráð NKU varðandi þennan þátt. Kostnaður vegna heimssýningarinnar er fyrir ofan núllið.

**Norðmenn:** Aukning á félagafjölda, áframhaldandi þróun er á skipulagingu félagsins. Þátttaka á sýningum er ekki eins regluleg og var áður þ.e. ófyrirséð þátttaka á sýningum. Þeir hafa lent í því að þurfa að afboða dómara sem þeir hafa verið búnir að bjóða vegna skorts á sýndendum. Einnig hafa þeir lent í að svo margir hundar hafa verið skráðir og þá lent í dómaraskorti. Þeir eru nýbúnir að opna nýja vefsíðu og kynntu nýjan formann Nils-Erik Haagenrud. Nils-Erik er einnig veiðihundihundadómari. Í Noregi eru mismundi reglur um hundahald í bæjar-og sveitarfélögum. Þeir borga ekki vsk af félagsgjöldum.

**Finnar:** Svipaður fjöldi félagsmanna, ættbókaskráningar hafa minnkað. Aðeins minnkandi aðsókn að sýningum og ekki eins mikil eftirspurn eftir hvolpum. Aukning á sérsýningar. Þeir fá styrk frá finnsku Agría til að gefa út Hundsport. Finnarnir borga engan skatt af starfseminni og ekki er lagður á þau virðisaukaskattur.

## **13. Önnur mál**

Miklar umræður voru um hunda sem eru brotlegir á sýningum t.d. bíta, ógna ofl. og hafa fengið einkunnina núll á sýningum og hvort eigi að senda þessar upplýsingar á milli landa.

Hans Jörgen formaður Euro Section benti á Euro Pet-net sem er gagnagrunnur fyrir hunda, einstaklingsmerktum s.s. örmerktum eða húðflúðuðum. Skráning í þennan gagnagrunn er mjög ódýr og hvatti Hans Jörgen eindregið til skráningar í gagnagrunninn.

Næsti fundur var samþykktur 7. janúar í Osló í Noregi til að fara yfir nýjar samræmdar sýningareglur á Norðurlöndum. Tillaga kom frá HRFÍ að halda NKU fund í ágúst 2009 á Íslandi til að nýta þá dómara sem eiga sæti á fundum NKU og fá þá til að dæma á afmælissýningu félagsins. HRFÍ fagnar 40 ára starfsæfmæli á næsta ári. Samþykkt að halda fundinn 21. ágúst 2009.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir fulltrúi HRFÍ

#### 4. Umræður og upplýsingar/fréttir frá ræktunardeildum

**Schnauzerdeild** er að óska eftir samþykki stjórnar um vinnuþróf. Einnig hefur deildin áhuga fyrir sameiginlegum gagnagrunni.

**Chihuahua deild:** Samþykktar eru nýjar kröfur varðandi augnskoðun. Deildin mælir ekki með þörun á undaneldisdýrum sem er í eigu annarra en félagsmanna. Deild Chihuahua vilja frekar kalla hunda í tegundahópi 9 selskapshunda í stað kjölturakka. Chihuahua deild er hvött til að hafa samband við Orðabók háskólans varðandi orðið selskapshundur sem er útlent orð.

**Terrierdeild:** Finnst að byrjendur í ungum sýnendum fái ekki nóg að gera og biðin sé löng, litil þolinmæðin sé hjá krökkunum.

María formaður cavalierdeildar segir að hún hafi einnig heyrt að fólk hafi gefist upp á að bíða í röð í sýningaþjálfun þegar aðeins einn leiðbeinandi sér um 20 manns. María benti formanni unglingsdeildar að skipuleggja betur æfingarnar. Jóna benti þeim á að skipta hópnum niður þannig að annar hvíli.

**Papillondeild:** Er ákaflega ánægð með nýútkominn Sám. Helga Finnsdóttir ætlaði að vera með heilsufarsskoðun hjá papillon hundum og fyrirlestur sem átti að vera í kvöld var frestað vegna fulltrúaráðsfundar. Ánægð með bikarmálin.

Almenn ánægja með Sám.

**Mjóhundadeild:** Óformleg sýning hjá deildinni næsta laugardag. Margir ungir sýnendur taka þátt.

**Smáhundadeild:** Kolbrún benti chihuahua deild að vera í samvinnu við allar tegundir í tegundahópi 9 varðandi nýtt nafn á tegundahópinn.

**P.m og fjallahundadeild:** nýstofnuð deild og nú eru þau m.a. að vinna að nýjum heilbrigðiskröfum fyrir hunda í deildinni.

**Spítzhundadeild** er nýstofnuð og er að vinna að heilbrigðiskröfum

**Íþróttadeild:** Hefur verið með nokkrar sýningar í sumar. Þær bjóða upp á tíma fyrir börn og unglinga án endurgjalds en hundurinn þarf að vera eins árs. Almenn ánægja er með þetta framtak íþróttadeildar.

**Fjár-og hjarðhundadeild:** Tóku þátt í landbúnaðarsýningunni á Hellu þar sem þeir kynntu tegundina, útbjuggu bækling og sýndu hunda. Einnig var smalahundasýning þar sem hundur sýndi eðli sitt að smala og reka kindur. Næstu helgi er smalahundapróf. Á heimasíðu deildarinnar er hægt að skoða vídeómynd af sýningunni.

DÍF var einnig á landbúnaðarsýningunni.

## **5. Önnur mál**

Brynja Tomer sagði frá vinnu skapgerðahóps og einnig að hópurinn hafi þurft að leggja niður matið sökum manneklu. Hún hvatti þær deildir sem gerir kröfur um að hundar fari í skapgerðamat finni aðila innan deildanna til að læra að vinna við skapgerðamat.

**Fundi slitið kl. 21:40**

**Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.**